

Setning

Pórir Ingason *Vegagerðin*

Rannsóknaráðstefna Vegagerðarinnar er nú haldin í fimmta sinn, en sú fyrsta var haldin í Salnum í Kópavogi haustið 2002. Þessar ráðstefnur hafa í hvert sinn dregið til sín vel yfir hundrað þátttakendur. Árið 2005 voru reyndar slegin öll met, þegar þátttakendur voru um 170 en á þessa ráðstefnu árið 2006 eru skráðir 127 þátttakendur. Það hlýtur að mega segja að ráðstefnan sé búin að festa sig í sessi sem árlegur viðburður og menn í vegagerðargeiranum fara fljótlega, ef ekki nú þegar, að reikna með þessu sem föstum lið í byrjun nóvember hvers árs.

Ráðstefna sem þessi er ein af þeim leiðum sem hægt er að fara til að kynna niðurstöður rannsóknaverkefna, sem styrkt eru úr rannsóknasjóði Vegagerðarinnar. Þó er augljóst að alls ekki er hægt að koma öllu að. Undanfarin ár hefur verið veittur styrkur til u.þ.b. 100 verkefna á ári en á svona ráðstefnu er aðeins hægt að koma fyrir um 20 erindum. Önnur leið til kynningar er hefðbundin og sjálfsögð, en það er útgáfa á skýrslum um verkefni sem fá styrk. Stefnt er að því að sú útgáfa verði nær eingöngu á netinu, þ.e. á heimasíðu Vegagerðarinnar, þannig að menn fá ekki lengur pappírseintök í hendurnar. Fróðleikspyrstir ættu því að kíkja reglulega inn á heimasíðuna og skoða það sem er að koma nýtt út, undir liðnum “upplýsingar og útgáfa”. Stefnt er að því að bæta aðgengið að þessu efni, flokka það meira og koma upp leitarvélum sem leita í sjálfum skýrslunum, en það er ekki svo í dag. Í rannsóknastefnu Vegagerðarinnar, sem Hreinn Haraldsson mun kynna með fyrirlestri í lok þessarar ráðstefnu, er meðal annars lögð áhersla á mikilvægi þess að koma niðurstöðum rannsókna í notkun. Ein leið til að reyna að tryggja það er að þeir sem koma til með að nota niðurstöðurnar fái tækifæri til að koma að mótun verkefna sem að þeim lúta. Það er í sjálfu sér ekkert nýtt að menn leggi áherslu á að koma niðurstöðum rannsókna á framfæri og í notkun. Ásetningur manna í þessum efnum er alltaf góður, en svo er spurning hvernig tekst til. Þó nauðsynlegt sé að þeir sem standa að rannsóknastarfi kynni sínar niðurstöður og upplýsi um þær sem víðast, hvílir líka ákveðin skylda á þeim sem eru að vinna í geiranum að fylgjast með. Ein leið til þess er að fylgjast með útgáfu á skýrslum, eins og áður segir, og svo auðvitað að taka þátt í ráðstefnum eins og þessari.

Fram að þessu hefur það verið Hreinn Haraldsson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs Vegagerðarinnar, sem hefur sett þessar ráðstefnur. Hann er að öðrum ólöstuðum sá sem á hvað mestan heiður af því að farið var af stað í upphafi. Hreinn er hinsvegar núna bundin við skyldustörf erlendis með ráðherra samgöngumála, en mun þó ná að koma til að flytja erindi um rannsóknastefnu Vegagerðarinnar. Eitt af því sem Hreinn hefur iðulega nefnt í setningarávarpi sínu, eru framlög til rannsóknamála almennt hérlendis og sérstaklega til vegagerðar- og samgöngurannsókna. Í setningarávarpi sínu árið 2005 lýsti hann skoðun sinni á að stefna ætti að því að hækka framlag til rannsóknastarfs Vegagerðarinnar í 1,5% af mörkuðum tekjum til vegamála, en það er nú bundið í vegalögum við 1%. Þessari skoðun hefur verið komið á framfæri vegna endurskoðunar vegalaga, og er inni í fyrirbyggjandi drögum, sem vonandi verða samþykkt. Undanfarin ár hefur upphæðin í rannsóknasjóð verið um 100 milljónir, en hins vegar hafa umsóknir um fjárstuðning yfirleitt verið a.m.k. tvöföld sú upphæð. Því

hefur þurft að hafna góðum verkefnum eða skera þau niður. Markaðar tekjur hafa að mestu staðið í stað á undanförunum árum og munu jafnvel fara lækkandi í náginni framtíð, vegna minnkandi eldsneytisnotkunar og þar með mun fjármagn til rannsókna ekki vaxa í takt við auknar þarfir ef hlutfallið helst óbreytt 1%.

Á dagskrá þessarar ráðstefnu eru 21 erindi um margvíslegt efni. Þau eru flokkuð í “mannvirki”, “umferð” og “umhverfi” auk þess sem eitt erindi fellur undir flokkinn “annað”. Hér koma fram þrjú af þeim fjórum rannsóknaflokkum sem reynt er að flokka rannsóknaverkefni Vegagerðarinnar í, en flokkinn “samfélag” vantar. Það er einfaldlega af því að ekkert verkefni sem kynnt verða flokkaðist beint þar undir, en auðvitað snerta öll verkefni sem við vinnum að samfélagið, svo ekki er hægt að segja að sá flokkur hafi orðið útundan. Í ráðstefnumöppu eru ágríp erindanna. Ágripin eru prentuð í svart hvítu, en þau er líka að finna í lit á heimasíðu Vegagerðarinnar. Jafnframt er gert ráð fyrir að glærur sem fyrirlesarar nota verði settar inn á heimasíðuna. Tvö veggspjöld sem hanga uppi á ráðstefnunni er einnig hægt að finna á heimasíðu Vegagerðarinnar.

Þeir Rögnvaldur Gunnarsson og Daníel Árnason stýra fundum, Rögnvaldur fyrir hádegið og Daníel eftir hádegið.

Slóðin á heimasíðu Vegagerðarinnar er: www.vegagerdin.is